

Fréttir og fróðleikur



Veffflugan
VEFFRÉTTABLAÐ des. 2014



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Er fæddur fyrsti jarðarbúinn sem verður 150 ára?

- öldrun er ráðgáta
- mannsævin lengist og lengist
- hvernig bregðast lífeyrissjóðir við?

Bls. 10-20



Gott ár ár að líða, góð framtíð bíður

Bls. 2-3



Tímabært að leysa fjármagn úr hafti

- bók Ásgeirs Jónssonar og Hersis Sigurgeirssonar vekur verðskuldaða athygli og umræðu

Bls. 4-7





Gunnar Baldvinsson

Gott ár að líða, góð framtíð bíður

„Jæja, nú er kominn mars svo ég lifi út árið ...“ sagði karlinn. Hann vissi að ævin lengist að jafnaði með aldrinum.

I.

Útlit er fyrir að árið 2014 verði gott fyrir lífeyrissjóðina. Þegar þetta er skrifað bendir flest til þess að ávöxtun sjóðanna verði góð og nokkuð yfir 3,5% langtímaþmiði um ávöxtun. Erlend verðbréf draga vagninn en á fyrstu ellefu mánuðum ársins hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um rúm 10% í krónum. Íslensk markaðsskuldabréf eru kjölfesta í eignum sjóðanna og skila 4% til 5% ávöxtun.

Innlendur hlutabréfamarkaður fór illa af stað á árinu en á síðustu mánuðum hafa hlutabréf hins vegar hækkað í verði og munu líklega skila ágætri ávöxtun þegar upp er staðið.

II.

Verðbólga verður aðeins 1% á árinu, sú lægsta um árábil. Árið 2014 er fimmta árið á síðasta aldarfjórðungi sem verðbólgan er lægri en 2% en síðast gerðist það árið 1998. Meðalverðbólga á síðustu 25 árum er hins vegar 4,5% á ári.

Lág verðbólga er góð frétt fyrir lífeyrissjóðina þar sem skuldbindingar þeirra eru verðtryggðar. Hagstæð ávöxtun og lág verðbólga valda því að eignir aukast meira en skuldbindingar og staða lífeyrissjóðanna mun batna sem því nemur.

III.

Góð afkoma og batnandi staða lífeyrissjóða eru góð tíðindi. Sjóðirnir greiða meirihluta af eftirlaunum landsmanna og eru einn stærsti launagreiðandi landsins. Á næstu árum er búist við mikilli fjölgun lífeyrisþega og enn meiri aukningu á lífeyrisgreiðslum þegar kynslóðir fara á eftirlaun sem hafa greitt alla starfsævina í lífeyrissjóði. Sjóðirnir eru tilbúnir fyrir þessa þróun og góða framtíð. Lífeyrissjóðir, sem starfa án ábyrgðar launagreiðanda, eiga eignir fyrir skuldbindingum en aðrir sjóðir njóta ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga.

IV.

Þjóðir, sem byggja lífeyriskerfi sitt á því að ríkissjóður greiði ellilífeyri, standa frammi fyrir stórkostlegum vanda þegar lífeyrisþegum fjölgar á sama tíma og skattgreiðendum fækkar. Hjá mörgum þeirra er nú þegar mikill halli á lífeyriskerfinu þar sem skattar, sem eru ætlaðir til að standa undir ellilífeyri, duga ekki til þess. Helst vildu þessar þjóðir breyta um kerfi og stofna lífeyrissjóði en það tekur langan tíma að byggja upp sjóði sem greiða eftirlaun sem skipta máli. Líklegast er að þjóðirnar verði að bregðast við hallarekstri vegna þungrar og vaxandi lífeyrisþyrðar með því hækka skatta og/eða lækka lífeyri og draga þannig úr lífskjörum. Sumar þjóðir freista þess þó

v.

að fjölga skattgreiðendum með því að fá fleiri innflytjendur til viðkomandi landa eða örva barneignir með skattahlunnindum.

Íslendingar njóta fyrirbyggju þeirra sem stofnuðu lífeyrissjóðina og eru betur búnir undir fyrirsjáanlega fjölgun lífeyrisþega en margar aðrar þjóðir. Íslenska lífeyriskerfið stendur samt frammi fyrir brýnum viðfangsefnum í starfsumhverfi lífeyrissjóðanna. Þau mikilvægustu eru afnám gjaldeyrishafta, viðbrögð við hækkandi lífaldri og fjármögnun á halla á lífeyrissjóðum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

Þessi viðfangsefni eru öll leysanleg, meðal annars vegna öflugra lífeyrissjóða sem búið er að byggja upp. Brýnt er að viðeigandi aðilar takist á við þau fyrr en síðar.

Lífeyrissjóðirnir þakka sjóðfélögum fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

„... en ég þarf ekki að hafa áhyggjur af tekjum því lífeyrissjóðurinn minn greiðir mér lífeyri fram í desember,“ hélt karlinn áfram, „og lengur ef ég verð enn eldri!“

Við óskum stjórnnum og starfsfólki lífeyrissjóða, sjóðfélögum og landsmönnum öllum gleðilegs og farsæls nýs árs.

Þökkum samstarf og samskipti á árinu sem er að líða.



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóðir fá undanþágu frá höftum til fjárfestinga erlendis

Brýnt er að lífeyrissjóðirnir fá sérstaka heimild eða undanþágu frá fjármagnshöftum til að fjárfesta erlendis minnst fjórðung þess sem iðgjöld skila sjóðunum eða um 10 milljarða króna árlega. Tveir dósentar við Háskóla Íslands, dr. Ásgeir Jónsson hagfræðingur og dr. Hersir Sigurgeirsson fjármálafræðingur, leggja þetta til í nýrri bók sem út er komin á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða.

Ásgeir og Hersir hafa undanfarna mánuði unnið að fræðilegri greiningu á áhrifum fjármagnshaftanna á íslenskt samfélag og starfsemi lífeyrissjóðanna sérstaklega. Afraksturinn, bókin **Áhættudreifing eða einangrun? – Um tengsl lífeyrissparnaðar, greiðslujafnaðar og erlendra fjárfestinga**, var kynnt á samkomu sem Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til á Nordica Hotel Reykjavík 27. nóvember, 2014.

Íslendingar velji „kínversku leiðina“ varðandi greiðslujöfnuð

Tvímenningsarnir telja margt benda til þess að höftin verði viðvarandi í einu eða öðru formi næstu árin. Óhjákvæmilegt sé engu að síður að heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta árlega erlendis til að tryggja að hlutfall erlendra eigna þeirra lækki ekki meira en orðið er. Þetta hlutfall hafi farið lækkandi og sé nú 22% af eignum. Þannig megi draga úr áhættu og sporna gegn neikvæðum áhrifum þess að þjóðin eldist hlutfallslega næstu ár og áratugi.

Í öðru lagi verði unnið að því að auka hlutfallslega við erlendar eignir lífeyrissjóða með því að ráðstafa viðskiptaafgangi umfram 5% af landsframleiðslu í þessu skyni, þegar greiðslujöfnuður þjóðarinnar veiti svigrúm til slíks á næstu árum.

Í þriðja lagi fari Íslendingar „kínversku leiðina“ varðandi greiðslujöfnuð á þann hátt að þeir sækist eftir erlendum fjárfestingum. Ísland verði engu að síður „hreinn fjármagnsútflytjandi og með varanlegan viðskiptaafgang.“

Skýr þjóðarvilji, þverpólitísk samstaða

Í bókinni kemur fram að íslensk stjórnvöld hafi brugðist við bankahruni og fjármagnsflóttu á liðinni öld með fjármagnshöftum árið 1931. Höftin hafi síðan varað til 1993 þegar EES-samningurinn tók gildi! Eftir það voru fjármagnsviðskipti einungis frjáls í 15 ár eða til 2008 þegar páverandi stjórnvöld settu þau á að nýju.

Bókarhöfundar vekja athygli á að lítið fari fyrir því í íslenskri þjóðmálaumræðu að nauðsynlegt sé að „búa í haginn fyrir afnám hafta og endurkomu landsins á erlenda fjármáلامarkaði.“ Forsenda afnáms hafta sé „skýr almennur þjóðarvilji“ og „þverpólitísk samstaða þar sem allir ábyrgir stjórnámálaflokkar verða að deila saman áhættunni.“ Þá geti verið nauðsynlegt að fá til dæmis Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að koma að málinu með landsmönnum.

Lífeyriskerfið má ekki koðna niður

Í lokaorðum bókarinnar er ítrekuð nauðsyn þess að opna lífeyrissjóðum leið til að fjárfesta erlendis, „þrátt fyrir að höftin séu ekki á förum í brád.“ Og enn fremur segir þar:

„Ytri aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum til afnáms hafta hafa ekki verið betri frá árinu 2007, íslenska hagkerfið hefur tekið aftur við sér og verðbólga hjaðnað. Það er því eftir engu að bíða. En kjósi landsmenn að bíða er mikilvægt að biðin verði ekki til þess að lífeyriskerfið koðni niður að baki hafta og uppsöfnun sparnaðarins verði ekki fóður fyrir þenslu og eignabólu.“

Bókin *Áhættudreifing eða einangrun?* er til í rafrænni útgáfu og öllum aðgengileg ókeypis á vef Landsamtaka lífeyrissjóða, ll.is. ■



Ásgeir Jónsson

Höftin eru ástæða þess að framleiðni hefur ekki aukist á Íslandi eftir hrun

„Meginskilaboð okkar eru þau að Íslendingar eigi að líta á erlenda fjárfestingu lífeyrissjóða sem áhættudreifingu fremur en áhættu líkt og andi lífeyrissjóðslaganna ber raunar með sér. Hið sama á við erlendar fjárfestingar hérlandis ef þær eru undir réttum formerkjum, það er að fjárfestar leggi fram eigið fé til íslenskra fyrirtækja með langtímahagsmuni í öndvegi. Með erlendum eignum, og með því að selja útlendingum hlut í íslensku atvinnulífi, eru landsmenn að ná fram áhættudreifingu.

Í sögulegu samhengi eru Íslendingar sér á báti í okkar heimshluta með því að vera frekar andsnúnir markaðskerfi en hallir undir haftalausnir. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort rétt hafi verið að setja höftin á í kjölfar hrunsins en aðalatriðið er að tími þeirra er liðinn. Þeim verður að aflétta.“

Þetta segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur og höfundur bókarinnar *Áhættudreifing eða einangrun? – Um tengsl lífeyrissparnaðar, greiðslujafnaðar og erlendra fjárfestinga*, ásamt Hersi Sigurgeirssyni fjármálafræðingi.

Íslendingar stæðu mun betur efnahagslega ef höftin hefðu ekki verið sett

„Hreinsunin“ hefði tekið hálf tónn

- Varð hjá því komist að setja fjármagnshöft til að milda áhrif hrunsins?

„Rökin fyrir þeirri ákvörðun voru pólitísk að stórum hluta og mikill fjármagnsflótti úr landi hafði í raun gert gjaldeyrismarkaðinn óvirkan. Velta má því fyrir sér hvort almenningur á þeim tíma hefði hreinlega þolað að taka á sig viðbótarsársauka með því að láta fjármálamarkaðinn sjálfan „hreinsa sig“ á þann hátt að fjárfestar gerðu upp við sig hvort þeir vildu



fara eða vera með fjármagnið sitt. Sú „hreinsun“ hefði tekið einhvern tíma og undan henni hefði sviðið. Hins vegar er ekki vafamál í mínum huga að Íslendingar stæðu mun betur efnahagslega ef höftin hefðu ekki verið sett og landið haldið samþættingu sinni við alþjóðlega fjármálamarkaði, þó það hefði kostað mikinn skammtímasársauka.“

- Var innistæða fyrir því sem sagt var, að fjármagnshöftin væru sett „til skamms tíma“ og yrðu síðan afnumin?

„Nei, komið hefur ljós að hugtakið „til skamms tíma“ er mjög teygjanlegt. Nú sex árum síðar tala stjórnmálamenn um nauðsyn þess að afnema höftin en mun minna ber á raunverulegum aðgerðum í þá átt, svo sem að fylgja yfirlýstri stjórnarstefnu um að stuðla að hærra lánshæfismati landsins.“

Ný íslensk fyrirtæki verða stofnuð erlendis, ekki hér heima

Höftin hamla framleiðniaukningu

- Þá liggur beint við að spyrja: Líður stjórnmálamönnum og almenningi ekki bara bærilega í höftum? Fólk segir gjarnan: Ég finn ekkert fyrir höftunum. Ég veit hvað ég hef og óttast afleiðingar þess að höftin fari. Hverju svarar þú?

„Jú, höftin eru þægileg og það skapar andvaraleysi. Þau skapa stöðugleika, enda er í krafti þeirra hægt að halda gengi krónunnar stöðugu. Ég bendi hins vegar á að framleiðni í efnahagskerfinu á Íslandi hefur nánast ekkert aukist á árunum eftir hrun og kenni fjármagnshöftum um, framar öðru. Alþjóðleg starfsemi og útflutningur snýst um miklu meira en það að framleiða vöru hér og flytja út. Starfsemin snýst einnig um fjármálalega samþættingu og rekstur án landamæra.

Alþjóðavæðingin virkar að miklu leyti með frjálsu flæði framleiðslupátta milli landa, einkum fjármagns. Þannig næst stærðarhagkvæmni, breiddarhagfræði og hugmyndir og tækni ferðast milli landa. Ef íslensk fyrirtæki eru lokuð frá þessum frjógvandi straumum er það ávísun á einangrun og óhagkvæmni, enda eru þau bundin við innlendan markað.

Þau fáu fjölpjóðafyrirtæki, sem þegar eru til staðar hér, eiga í hinu mesta basli með að halda rekstrinum í eðlilegum farvegi á tímum hafta. Dæmin hrannast upp þar sem íslensk stjórnvöld gera athugasemdir við eðlilega starfsemi slíkra fyrirtækja af því hún passar ekki inn í lagamma fjármagnshafta. Augljós afleiðing þessa er að fyrirtækin flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Ný íslensk fyrirtæki, sem hugsa sér gott til glóðarinnar á erlendum markaði, verða stofnuð erlendis en ekki hér heima. Þetta gerist framan við nefið á okkur.“

Frelsi í alls fimmtán ár frá 1931!

- Þið Hersir tókuð að ykkur að fjalla um áhrif fjármagnshafta á samfélagið og lífeyrissjóðina sérstaklega en kvíarnar hafa greinilega færst til þegar út í alvöruna var komið. Bókin ykkar er í raun og veru ágrip af hagsögu á Íslandi að hluta frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þurfti að fara svo langt aftur í tímann til að greina og skilja viðfangsefnið?

„Að nokkru leyti, já. Nútímahagsaga Íslands hefur að vísu ekki verið skrifuð en þarna eru ýmsir hlutir settir í sögulegt samhengi, enda skilst og skýrist margoft í nútíð betur í spegli þátíðar. Áhrif haftanna 1931 eru til að mynda vel merkjanleg í umræðu um efnahagsmál, sem breyttist frá því að vera fagleg og með alþjóðlegri skírskotun og til þess að verða heimóttalegt hjál.

Hluti vandans er sá að Íslendingar eru einfaldlega mun vanari höftum en frelsi í fjárfestingum og fjármagnsflutningum. Höft voru sett á árið 1931 og ekki afnumin fyrr en 62 árum síðar þegar samningur um Evrópska efnahagssvæðið var lögfestur 1993! Frelsið varði í 15 ár og svo voru höft sett á aftur árið 2008. Margar kynslóðir eru vanar því að búa við höft að þessu leyti.“



Losum okkur við sífellda minnimáttarkennd gagnvart erlendum fjárfestum

Afnám haftanna er tvístefnuleið

- Lærdómur ykkar af rannsóknunum?

„Í fyrsta lagi hafði ég ekki fyrr gert mér grein fyrir því hve illa íslenska hagkerfið var rekið í fjármagnshöftum á liðinni öld og ekki þurfti að hafa áhyggjur af fjármagnsflóttu. Frá seinna stríði og til hruns var fjármagnsjöfnuður alltaf jákvæður og erlendum sparnaði var dælt inn í hagkerfið á vegum ríkisins, aðallega í sjávarútveg og landbúnað.

Hagkerfinu var frekar stjórnað með boðum og bönnum en gegnum markaðinn. Ísland er minnsta myntsvæði veraldar og erfitt var að halda greiðslujöfnuði í lagi. Svo var fylgt stefnu sem bókstaflega stuðlaði að ójafnvægi með því að flytja stöðugt inn fjármagn sem leiddi síðan til viðskiptahalla, þenslu og vandræða. Íslensk hagsaga er að stórum hluta vandræðasaga þjóðarinnar við að halda stöðugleika á greiðslujöfnuði við útlönd.

Í öðru lagi blasir við skýr mynd af afleiðingum þess að líta á erlendar fjárfestingar sem áhættu en ekki áhættudreifingu. Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða er alltof lágt og verður að aukast. Sama á við um eignir íslenskra verðbréfasjóða og íslenskra fjárfesta yfirleitt. Þær verða að aukast hlutfallslega og hljóta að gera það.


Þetta er hins vegar ekki einstefnuleið. Við þurfum sárlega á beinni erlendra fjárfestingu að halda á Íslandi og verðum að losa okkur við þessa sífelldu minnimáttarkennd gagnvart erlendum fjárfestum. Höftin verða ekki afnumin nema okkur leyfist að fara út og þeim að koma hingað inn í vissu um að komast út aftur, ef svo ber undir.“

- Amen á eftir efninu verður ... ?

„Fjármagnshöft eru óheilbrigð fyrirbæri og meira að segja dýrkeypt líka í bókstaflegum skilningi. Reynslan sýnir að þeim mun lengur sem höft vara þeim mun meira svigrúm fá stjórnámálamenn til að fara út í hreina vitleysu á borð við að falska vexti og færa peninga til og frá í pólitískum tilgangi.

Ég heyri stjórnámálamenn, líka á hægri vængnum, kvarta yfir því að „markaðurinn ráði of miklu en stjórnámálamenn of litlu!“ Það sem þeir vísa til kalla ég **aga** markaðarins. Markaðurinn á ekki að lúta pólitísku forræði. Hann refsar þá stjórnámálamönnum fyrir rangar ákvarðanir. Undan slíku getur sviðið en það er samt skilyrði efnahagslegra framfara og góðra lífskjara.“ ■

Meiri atvinna, minni erfiðleikar, léttari lund



Pórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar,
og Sigrún Erlendsdóttir móttökuritari Almenna lífeyrissjóðsins.

„Ástandið á vinnumarkaði hefur batnað og þar með fjárhagsstaða margra sem lentu í erfiðleikum eftir efnahagshrunið vegna atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Greinilega er léttara yfir fólki nú en var fyrstu árin eftir hrun,“ segir Pórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar hjá Almenna lífeyrissjóðnum.

Hún var upphaflega ráðin til VÍB síðla árs 1999 sem ráðgjafi í verðbréfa- og lífeyrismálum og hefur því verið ráðholl fólki á þessum sviðum samfleytt í fimmtán ár.

Eðli máls samkvæmt skynja ráðgjafar fyrr og betur en aðrir, með daglegum samtölum sínum við sjóðfélaga, hvernig samfélagshjartað slær á hverjum tíma. Þórhildur verður greinilega vör við breytingu til hins betra á högum fólks í seinni tíð.

VIRK virkar

„Tekjur aukast auðvitað þegar vinnumarkaðurinn tekur við sér og verkefni eru fleiri en áður var. Við getum nefnt arkitekta sem dæmi, starfsstétt sem fór illa út úr hruninu að því leyti að verkefni drógust mjög hratt saman strax og efnahagshrunið skall á. Verkefnastaða þeirra hefur nú rétt verulega úr kútnum.

Fleiri jákvæð teikn má nefna. Við höfum til dæmis heyrt í fólki sem komst út á vinnumarkaðinn á nýjan leik eftir aðstoð og endurhæfingu hjá VIRK, starfsendurhæfingarsjóði. Það fólk ber lof á starfsemi VIRK.“

Sjóðfélögum boðið til einkafunda um mál sín

Þórhildur og samstarfsfólk hennar svara daglega fyrirspurnum um hefðbundin mál sem lífeyrissjóði varða, einkum um lífeyri, lífeyrisréttindi og sér eignarsparnað. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur líka farið út á þá braut að eiga frumkvæði að viðtölum við sjóðfélaga sína með því að bjóða þeim til sín á formlega fundi til að ræða lífeyrismál sín. Það gefur góða raun.

„Við byrjuðum í elsta hópi iðgjaldsgreiðenda í samtryggingarsjóðinn og höfum síðan gengið á röðina í öllum aldursflokkum sjóðfélaga. Þeim býðst 40 mínútna fundur til að fara yfir lífeyrisréttindin sín.

Áhuginn er vissulega meiri meðal eldri sjóðfélaga en hefur reyndar glæðst hjá yngra fólki.“

Lífeyrisgáttin er hjálpleg

„Þegar viðtal er ákveðið tökum við saman upplýsingar um lífeyrisréttindi og stöðu sjóðfélagans til að hafa á takteinum á fundinum með honum. Margir vita ótrúlega lítið eða jafnvel ekkert um lífeyrisréttindi sín og tækifæri gefst meðal annars til að nota Lífeyrisgáttina, sem lífeyrissjóðirnir opnuðu í fyrra. Hún er afar hjálplegt tæki til að afla upplýsinga um réttindi og stöðu hvers og eins.

Við förum yfir hvernig viðmælendur okkar eru tryggðir gagnvart örorku eða hver tryggingarstaða fjölskyldunnar er ef sjóðfélagi, fyrirvinna heimilis, fellur skyndilega frá.

Þessir fundir eru kynning og fræðsla en ekki sölu- starfsemi af okkar hálfu, á það leggjum við áherslu.“

Áhugi kviknar þegar lífeyristökualdur nálgast

„Yfirleitt er það svo að fólk fer ekki að hyggja að lífeyrisréttindum sínum fyrr en lífeyristökualdurinn nálgast en við viljum gjarnan ýta við fólki fyrr á lífsleiðinni og fá það til að spá í lífeyrismál sín. Því fyrr sem fólk gefur þessum málum gaum, því meira er hægt að gera til að hafa áhrif á eftirlaunin.

Dæmi eru samt um að ungt fólk sýni þessu mikinn áhuga. Í mig hringdi 23 ára sjóðfélagi á dögnum og spurði margs. Hann hafði sökt sér ofan í lífeyrismál sín og vildi kynna sér þau sem mest og best frá öllum hliðum. Slík samtöl við ungt fólk eru sjaldgæf en þau eru til!“ ■



Á málþingi Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), Við lifum vel og lengi, í Reykjavík 24. nóvember.

Frá vinstri: Gunnar Baldvinsson, formaður LL, í ræðustóli; Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og stjórnandi málþingsins; og tryggingastærðfræðingarnir Steinunn Guðjónsdóttir, Þórir Óskarsson, Bjarni Guðmundsson, og Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur hjá FME.

Skuldbindingar lífeyrissjóða miðist líka við spár um lengri meðalævi

Stjórnir lífeyrissjóða landsins fjalla um það á næsta ári hvernig bregðast skuli við boðuðum breytingum á útreikningi forsenda fyrir framtíðarskuldbindingum sjóðanna, breytingum sem óhjákvæmilega gera tryggingafræðilega stöðu þeirra lakari að óbreyttu.

Það skýrist betur á árinu 2015 hvernig breytingarnar snerta hvern og einn lífeyrissjóð. Í framhaldinu verður ákveðið hvernig við skuli bregðast.

Boðuð breyting er fólgin í því að árið 2016 verður staðan metin í fyrsta sinn með því að taka líka tillit til spár um lengingu meðalævi til framtíðar. Þannig er staðið að útreikningum á stöðu lífeyrissjóða víðast hvar í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar – OECD. Nú leggja tryggingastærðfræðingar til að þannig verða þetta gert líka á Íslandi.



Níu ára lengri meðalævi á 40 árum

Meðalævi Íslendinga lengist sífellt og það hefur að sjálfsögðu áhrif á mat á því hve vel eignir lífeyrissjóða í nútíð duga til að standa undir skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðfélögum í framtíð.

- Meðalævi karla var 79,5 ár 2007-2011 og hafði lengst um tæplega níu ár á 40 árum.
- Meðalævi kvenna var 83,6 ár 2007-2011 og hafði lengst um sex ár á 40 árum.

Fólki á vinnumarkaði fækkar hlutfallslega og öldruðum fjölgar á sama tína. Það gerist tiltölulega hratt næstu áratugi. Fólk lifir lengur en áður sem auðvitað er fagnaðarefni en kallar á breytingar í lífeyrissjóðakerfinu.

Breytt mat frá og með 2016

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða, þ.e. mat á eignum þeirra gagnvart lífeyrisskuldbindingum, hefur hingað til verið reiknuð með því að meta lífs- og dánarlíkur í framtíðinni í ljósi fimm almanaksára þar á undan. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur þetta viðfangsefni á sinni könnu í samræmi við reglugerðarákvæði þar að lútandi.

Tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Guðmundsson, Þórir Óskarsson og Steinunn Guðjónsdóttir höfðu framsögu um breyttar lífslíkur þjóðarinnar og áhrif þess á lífeyrissjóðina á málþingi Landssamtaks lífeyrissjóða, Við lifum vel og lengi, 24. nóvember. Þar kom fram að sérstakur starfshópur innan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefði fjallað um málið undanfarið ár og legði til að framtíðarlífslíkur yrðu teknar inn í mat á stöðu lífeyrissjóða, fyrst á árinu 2016.

Þessi breyting eykur áunnar skuldbindingar lífeyrissjóða um 10-15%, mest vegna yngstu sjóðfélaga en minnst vegna þeirra elstu – eðli máls samkvæmt.

Þannig er reiknað með að 16 ára Íslendingur í dag eigi um 25 ár eftir af meðalævi landsmanna þegar hann nær 65 ára aldri. Meðalævi hans verður 5 árum lengri en Íslendings sem er 65 ára nú og getur vænst þess að eiga 20 ár eftir. ■



Steinunn Guðjónsdóttir

Eðlilegra að lengja frekar starfsævina en eftirlaunaskeiðið

„Lífeyriskerfið miðast í stórum dráttum við 20 ár, gróft áætlað, á eftirlaunum og eðlilegt er að svo verði áfram. Við lifum lengur og lengur, sem ætti að leiða til þess að starfsævin lengist. Mér þykir eðlilegt að eftirlaunaaldurinn hækki úr 67 í 70 ár. Breytingin þarf að gerast í skrefum á löngum tíma með víðtæku samráði og hún kallar á sveigjanlegan vinnumarkað,“ segir Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingarstærðfræðingur og forstöðumaður áhættustýringar Sjóvárs. Hún var meðal frummælenda á ráðstefnunni Við lifum vel og lengi og fjallaði um áhrif lengri meðalævi Íslendinga á lífeyrissjóðina.

„Lífeyrissjóðakerfið verður að bregðast við þeirri staðreynd að meðalævin lengist og kominn er tími til að taka þá umræðu á dagskrá. Mér sýnist eðlilegra að lengja frekar starfsævina en eftirlaunaskeiðið. Sömuleiðis má bregðast við halla á lífeyrissjóðakerfinu með því að hækka iðgjöld til lífeyrissjóða, skerða lífeyrisréttindi eða horfa til samspils allra þessara þátta.

Trúlegt er að hækkun eftirlaunaaldurs verði ofan á en spurningin er hve hratt það gerist. Ein leið er að hækka eftirlaunaaldur í 68 ár í einu skrefi en bæta svo við einum mánuði fyrir hvert ár þar til 70 árum er náð.

Ef við hugsum okkur að ákveðið hafi verið að hækka eftirlaunaaldur í 68 ára í ársbyrjun 2015 og síðan um einn mánuð á ári í framhaldinu, þá yrðu 46 ára gamlir sjóðfélagar nú í fyrsta hópnum sem færi á eftirlaun sjötugir samkvæmt breyttu kerfi. Breytingin tæki þannig 24 ár.“

Réttindahópur Landssamtaka lífeyrissjóða tók við keflinu

Steinunn segir að tryggingastærðfræðingum beri að sýna hvað þurfi að gera til að ná jafnvægi eigna og skuldbindinga í lífeyrissjóðakerfinu, sjóðanna sjálfra sé síðan að ákveða leiðir að markinu. Réttindahópur Landssamtaka lífeyrissjóða hafi tekið við keflinu og framundan sé samráðsferli þar sem að komi líka fulltrúar ríkisvalds, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka á vinnumarkaði og fleiri, áður en breytingarnar verða innleiddar. >>

**Fyrirtæki skapi aðstæður fyrir
elstu starfsmenn sína til að
ráða sig í hlutastarf eða sinna
öðrum verkefnum**

„Lengri starfsævi kallar á að fyrirtæki skapi aðstæður fyrir elstu starfsmenn sína til að ráða sig í hlutastarf eða sinna öðrum verkefnum. Símenntun verður sífellt mikilvægari þáttur til að fólk geti fylgst með og verið enn lengur til gagns í vinnu. Þetta snýr aðallega að atvinnurekendum, bæði opinberum og í einkageiranum.

Síðast en ekki síst kallar lengri starfsævi á að fólk sinni líkama sínum og sál ákveðið og markvisst til að vera sprækt á efri árum og geta unnið lengur! Þetta er auðveldara fyrir suma en aðra og ýmsir benda réttilega á að það sé ekki leggjandi á sumar starfsstéttir og hópa á vinnumarkaði að lengja starfsævina.

Niðurstaðan er samt sú að búa þarf ungt fólk á vinnumarkaði undir að starfsævi þess verði að jafnaði lengri en nú þekkt.

Óhjákvæmilegt er líka að styrkja stoðirnar þrjár til framtíðar: almannatryggingar, lífeyrissjóði og séreignarsparnaðinn. Löggjöld mega sannarlega hækka en ég sé fyrst og fremst fyrir mér aukinn hvata til þess að fólk safni meiri séreignarsparnaði og ráði betur fjárhagslega við að fara í hlutastarf eða minnka við sig á annan hátt síðustu árin á vinnumarkaði.

**Tími kominn til að
„taka stóra skrefið“**

Tryggingastærðfræðingar hafa um hríð talið að rétt sé að reikna með lengri meðalævi í framtíð í tryggingarfræðilegri stöðu lífeyrissjóða í nútíð. Steinunn segir að efnahagshrunið hafi seinkað breytingunni.

„Íslendingar eiga gott lífeyriskerfi og mun minni vanda tengdan lífeyrismálum og efri árum en þekktist víðast annars staðar. Lífeyrissjóðir hafa þurft að skerða réttindi um 1-1,5% í hvert sinn sem nýjar dánar- og eftirlífendatöflur hafa verið reiknaðar til að halda skuldbindingum og eignum í jafnvægi. Það hefur verið gert á þriggja ára fresti síðustu ár. Við gætum haldið áfram að taka þetta misvægi svona út í skerðingum á þriggja ára fresti en þá erum við alltaf að horfa á hlutina eftir á og í raun að borga út lífeyri miðað við að ævi sjóðfélaganna sé að jafnaði skemmri en hún raunverulega verður.

Lífeyrissjóðir þurftu að aðlaga réttindin eftir hrunið og því voru áform um breytta útreikninga tryggingafræðilegrar stöðu þeirra lögð til hliðar um sinn. Nú setjum við hins vegar málið á dagskrá og gild rök eru fyrir því að taka stóra skrefið fyrr en síðar.“ ■



Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, afhendir NN, eintak af bókinni Áhættudreifing eða einangrun? að loknum kynningarfundum í tilefni útgáfunnar. Viðtakandi bókarinnar er Magnea Sverrisdóttir, starfsmaður Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Réttindahópurinn útfærir breytinguna

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) hefur falið réttindahópi samtakanna að marka stefnu um hvernig bregðast skuli við breytingum á forsendum útreiknings á framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóðanna. „Málið skýrist betur eftir að tryggingastærðfræðingar hafa birt nýjar töflur um lífslíkur Íslendinga, enda snýst það um breyttar lífslíkur og spár um lengri meðalævi landsmanna,“ segir Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.

Unnið verður að verkefninu í samstarfi við tryggingastærðfræðinga og að höfðu samráði við aðila vinnu- markaðarins. Réttindanefndin hefur af þessu tilefni sett á laggir sérstakan vinnuhóp. Hann skipa Þorbjörn Guðmundsson, formaður Sameinaða lífeyrissjóðsins, sem jafnframt er formaður hópsins; Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, lögfræðingur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Bjarni Guðmundsson starfar með vinnuhópnum af hálfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. ■

Björn Z. Ásgrímsson

Breytt mat í 13 ESB-ríkjum



Í meirihluta ESB-ríkja eru spár um lengri meðalævi landsmanna teknar inn í mat á skuldbindingum starfstengdra lífeyrissjóða, líkt að íslenskir tryggingastærðfræðingar leggja til að gert verði á Íslandi frá og með 2016.

ESB-ríkin taka lífslíkurnar inn í matið annað hvort í einu lagi eða þrepum. Ríkin sem um ræðir eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Holland, Bretland, Þýskaland, Frakkland, Luxemborg, Írland, Ítalía, Króatía, Malta og Slóvenía.



Þetta kom fram í fyrirlestri Björns Z. Ásgrímssonar, sérfræðings á greiningarsviði Fjármálaeftirlitsins, á málþingi Landssamtaka lífeyrissjóða, Við lifum vel og lengi.

Björn greindi líka frá því að stjórnvöld í um helmingi ríkja innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar – OECD hefðu gert ráðstafanir til að hækka eftirlaunaaldur í ljósi þess að meðalævi fólks lengist.

Í gögnum, sem borist hafa OECD frá viðkomandi ríkjum, kemur fram að gert sé að jafnaði ráð fyrir því að eftirlaunaaldur karla hækki um 2,5 ár á næstu þremur til fjórum áratugum og eftirlaunaaldur kvenna hækki um 4 ár á sama tíma.

Skýrt kemur fram að íslenskir karlar eru langt undir meðaltali OECD og einungis karlar í Noregi eru skemur á eftirlaunum en þeir íslensku.

Svipaða sögu er að segja varðandi íslenskar konur en munurinn er minni þar en hjá körlum, bæði gagnvart meðaltali OECD og konum í Noregi. ■



Súluritin sýna samanburð á því hve mörg ár karlar annars vegar og konur hins vegar eru á eftirlaunum í nokkrum OECD-ríkjum miðað við opinberan eftirlaunaaldur. Upplýsingarnar eru frá árinu 2013.



Mynd: Gustaf Waesterberg/Äldre i Centrum nr 2/2013.

Henrik Ennart

Eilíf ráðgáta öldrunar

Elsti heimsbúinn sem vitað er um, franska konan Jeanne Calment, dó árið 1997. Hún varð 122 ára og 164 dögum betur. Þetta ævilengdarmet verður slegið fyrr en síðar og það svo um munar. Það segir að minnsta kosti sænski rithöfundurinn og bloggarinn Henrik Ennart, sem sökk hefur sér ofan í málefni langlífis og lífshátta þeirra sem lifa lengur en fólk flest. Hann ferðast um heiminn, hittir háaldrað fólk, stúderar hegðun þess og lífshlaup og ræðir við helstu sérfræðinga og vísindamenn á þessu sviði.

Ennart skrifaði bókina *Åldrandets gåta – Ráðgáta öldrunar*, sem seldist í bílförnum í Svíþjóð og hefur verið gefin út á fleiri tungumálum. Svenska Dagbladet hefur eftir honum að margir viðmælendur sínir í heimi vísinda telji að innan seilingar sé að einhverjir jarðarbúar lifi í 150 ár. Jafnvel sé sá fyrsti fæddur nú þegar!

Sviinn hefur skilgreint nokkur svæði í heiminum þar sem fólk lifir lengur en annars staðar og farið þar um sjálfur. Þau eru til dæmis Okinawa í Japan, fjallaborp á Sardíníu, gíska eyjan Ikaria og Nicoy-skaginn í Costa Rica.

Hvers vegna lifir fólk þar svo lengi? Svar: Það er sátt við tilveruna, borðar frekar lítið og þá aðallega grænmeti, hreyfir sig mátulega mikið, vinnur og lifir yfirleitt í rólegheitum – ekkert stress. Fjölskyldu- og vinabönd eru sterk, félagsleg tengsl sömuleiðis. Það iðkar trú sína og fær sér vín í glas ef svo ber undir.

Eitt er alveg á hreinu, segir Ennart. Við hin látum ofan í okkur of mikið prótein, í mörgum tilvikum 110 grömm á dag en þurfum bara 65 grömm. Við borðum reyndar of mikið yfirleitt. Í staðinn ættum við að fasta tvisvar í viku, í hálfan eða heilan sólarhring í hvort skiptið. Það gerir kroppnum gott og sálinni líka.




Skrif Svíans hafa að vonum vakið mikla athygli og umræður. Landi hans einn las til dæmis bókina um ráðgátu öldrunar og skrifaði um hugrenningar sínar í Svenska Dagbladet. Þæling greinarhöfundar var eftirfarandi: Hvaða vit er í því að vera svona skynsamur og lifa í heila öld? Er ekki meira varið í að lifa 70 gleðirík ár í hæfulegu kæruleysi en að þrauka í hundrað ár við magran kost? Er ekki eins árs ævintýri eftirsóknarverðara en tíu ár þar sem allir dagar eru nánast eins, steyptir í sama skynsemdarmótið?

Ja, þegar stórt er spurt ...

Víkur þá sögu aftur að Jeanne Calment, frönsku ofurkonunni sem dó 122 ára. Lifði hún í hógvæð og skynsemi? Að einhverju leyti, já. Hún lék til dæmis tennis fram yfir aldarafmælið og notaði ólívuolíu mikið bæði til matargerðar og til að bera á húð sína og mýkja.

Hún borðaði allt að einu kíló af súkkulaði á viku og fékk sér þúrtvinsglas daglega. Sumir telja hvoru tveggja frekar til bóta en hitt fyrir líkama og sál. Aðrir eru annarrar meiningar.

Svo hætti hún að reykja frönsku Gauloise-sígarettarnar sínar 117 ára gömul. Það var skynsamleg ákvörðun. Engin spurning. ■



Reiknivél um lífslíkur

Hve gamall/gömul verð ég? Stór er spurningin!

Bandarískur vísindamaður, Thomas Perls, setti upp vél á Vefnum handa fólki til að reikna út lífslíkur sínar. Niðurstaðan liggur fyrir eftir að viðkomandi hefur svarað 40 spurningum sem byggðar eru efnislega á gagnagrunni einnar umfangsmestu rannsóknar sem um getur á fólki sem náð hefur því því að verða 100 ára eða eldra, *New England Centenerian Study*.

- Lífslíkareiknivélin er á slóðinni

livingto100.com

Öllu gamni fylgir nokkur alvara. Alvöru getur líka fylgt gaman ...

Foringjar sitja fyrir svörum

Sex forystumenn úr „baklandi“ lífeyrissjóða sátu fyrir svörum í lok málþingsins Við lifum vel og lengi. Umræðustjóri var Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans. Hann spurði margs og gestir í sal sömuleiðis.

Hér eru efnisleg brot af svörum við spurningum og athugasemdum.



Gylfi Arnbjörnsson

forseti Alþýðusambands Íslands

- Ríkisstjórnin boðar lagabreytingu til að afnema framlög til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Það vekur spurningar: Stöndum við misjafnlega vel gagnvart stjórnarskránni? Ver hún bara hluta vinnumarkaðarins?
- Hallinn á opinberu lífeyrissjóðunum telst vera um 650 milljarðar króna og líklega skríður hann yfir 700 milljarða í næsta mati á tryggingafræðilegri stöðu. Hvernig í ósköpum á leysa þennan vanda? Ef við gefum okkur 30 ára endurgreiðslutíma með 3,5% ávöxtun fáum við út rosalegar tölur. Ég fæ bara ekki séð hvernig þjóðfélagið kemst í gegnum þetta að óbreyttu. Vandamálið er svo stórt að stjórnámálamennirnir koma sér hjá því að ræða það!



Maríanna Jónasdóttir

formaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

- Heildarendurskoðun lífeyriskerfisins er í vinnslu og hefur verið um skeið. Þar er meðal annars fjallað um hvernig jafna megi réttindi á opinberum og almennum vinnumarkaði.
- Réttarstaða sjóðfélaga er eitt af stóru málunum, það er að segja hvernig áhrif breytinga í kerfinu birtast eftir aldri og gagnvart þeim sem þegar eru komnir á lífeyri.



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri Sambands íslenska sveitarfélaga

- Viðfangsefnið er að skipuleggja nýtt sjálfbært lífeyriskerfi, samræmt fyrir alla landsmenn með lifandi breytum sem hægt er að laga að breytilegum aðstæðum á borð við hækkandi meðalaldur.
- Það vantar að fjármagna alls um 90 milljarða króna lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga. Ef ná ætti jöfnuði í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og A-deild LSR vegna starfsmanna sveitarfélaga, sem nema samtals 40 milljörðum af þessum 90 milljörðum, þyrfti að hækka iðgjald sveitarfélaga um 4 prósentustig. Þá færu menn að borga samtals 20% af launum vegna A-deilda og samtals 6% til viðbótar í séreignarlífeyrissparnað. Að leggja svo stóran hluta samtímalæuna til hliðar vegna efri ára er bara rugl!
- Halli A-deilda þessara lífeyrissjóða, sem jafngildir 4% af launum, eyðist við að hækka lífeyristökualdurinn úr 65 í 67 ár. Það sýnir að lykilatriði er að hækka lífeyristökualdurinn en slíkt verður ekki gert einn, tveir, þrír ... heldur í skrefum þar sem tekið er tillit til aldursárganga.



Elín Björg Jónsdóttir

formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

- Mikilvægt er að kanna málið frá fleiri hliðum en þeirri einni að hækka lífeyristökualdur. Þar kemur ýmislegt til álita, til dæmis fjölskyldustefna og val einstaklinga um að vinna lengur og þá jafnvel í hlutastarfi.
- Samspil fjölskyldu og vinnumarkaðar er mikilvægt. Þeir sem frískir eru eiga að fá að vinna lengur, sér í lagi ef þeim líður vel og líkar vel í starfi. Aðrir eru jafnvel bugaðir af vinnu sinni áður en þeir komast á eftirlaun. Hærrí lífeyristökualdur hjálpar þeim ekki.
- Lífeyristökualdur þarf að hækka en fyrirkomulagið á að vera valkvætt. Liggja þarf líka ljóst fyrir hvað í því felst að fara fyrir en síðar á eftirlaun.



Guðlaug Kristjánsdóttir

formaður Bandalags háskólamanna

- Við sjáum ekki allt fyrir núna. Það sem við skilgreinum sem „gamalt fólk“ er ekki „statísk stærð“. Margt á eftir að breytast, ekki síst lífshættirnir. Við verðum virkari lengra fram eftir ævinni, hreyfum okkur, stundum íþróttir og erum sprækari.
- Ég sé jafnvel fyrir mér að einhverjum muni leiðast lífið eftir 5-6 ár á eftirlaunum og þeir vilji fara aftur að vinna!
- Margir vilja starfa lengur en viðmið um eftirlaunaaldur segja til um, eins og sýnir sig í reynd. Menn eru nokkuð sammála um að slíkt sé jákvætt en þá fylgir jafnan sögu að sveigjanleiki sé skilyrði, fólk hafi áfram val.



Hannes Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

- Íslendingar borga óhjákvæmilega meira sjálfir fyrir heilbrigðisþjónustu í framtíðinni en þeir hafa vanist hingað til (þjónustugjöld), þar með taldir betur stæðir eldri borgarar.
- Vinnandi fólki fækkar og það mun hamla hagvexti, draga úr lífskjarabata, þrýsta á aukna skattbyrði og valda viðvarandi skorti á vinnuafli.
- Útgjöld til heilbrigðismála verða þriðjungu hærri um miðja öldina vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar og jafngilda þá helmingi alls tekjuskatts einstaklinga nú.
- Þetta bætist við hrikalega lífeyrisreikninga vegna opinberra starfsmanna, sem falla til greiðslu á sama tíma og byrðar þyngjast hvað hraðast vegna „öldrunarsprengingarinnar“.
- Svigrúm er til að auka atvinnuþátttöku þeirra sem eru eldri en 65 ára. Samanburður við til dæmis Kóreu, Japan, Nýja-Sjáland og Bandaríkin sýnir að hlutur 70 ára og eldri getur verið margfalt meiri á íslenskum vinnumarkaði en er í raun.